

Viðauki II.**Kafaraskírteini.****SKÍRTEINI VEITIR RÉTT:****ATVINNUSKÍRTEINI KAFARA**

A. Til köfunar í öllum búnaði að 50 m. dýpi,	Nafn Nafnr.	Fæðingard.
B. Til rannsóknakafana í sundbúnaði að 50 m. dýpi.	Heimili Útgefið	Gildir til
C. Til sérhæfðra starfa: Rafsuða, logskurður, meðferð sprengiefna, stjórnun afþrýstihylkja.	Nr.	
D. Til kennslu í köfun.		
E. Annað.		

Gefið út samkvæmt lögum nr. 12 12. apríl 1976. **SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS**

Nr. 450.

15. nóvember 1979.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970
um söluskatt ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 82/1974, orðist svo:

2. gr.

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gisti- húsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrti- stofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, sýningar í leikhúsum sem ekki eru sérstaklega undanþegnar, sbr. 24. tl. 14. gr., og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

21. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 316/1978 orðist svo: Kol og koks til húshitunar og hitunar laugarvatns.

Vörur þessar eru söluskattsskyldar til sérhverra annarra nota.

3. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978 bætist nýr tölu- liður, 24. tl., svohljóðandi:

24. Aðgangseyrir að leiksýningum áhugafélaga, enda séu eftirfarandi skilyrði upp- fyllt:

- Enginn af þeim, sem að leiksýningum áhugafélaga starfar annar en leikstjóri, þiggi laun fyrir starfið.
- Leiksýningin sé ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomu- hald.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi frá og með 1. desember 1979.

Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Árni Kolbeinsson.

9. nóvember 1979.

Nr. 451.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Í stað 4. og 5. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi málsgreinar:

Um lán úr fasteignalánaflökkum er taldir voru í 2. gr. B skal eftirfarandi gilda varðandi lánsfjárhæðir og lánstíma.

- a) Lán til byggingarframkvæmda, þar með taldar fullnægjandi hráefnisgeymslur, svo og aðgerðir til bættra hollustuhátta þar á meðal mengunarvarna og aðbúnaðar verkafólks. Lásupphæð má hæst vera 60% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 10—15 ár.
- b) Lán til frystivéla- og frystitækjakaupa og til kaupa á vélum til fiskmjölsvinnslu. Lánsfjárhæð má hæst vera 60% af mats eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 7—10 ár.
- c) Lán til kaupa á fiskvinnsluvélum, til hagræðingar vinnslurása, þar með taldar breytingar á húsnæði, án þess að um stækkun sé að ræða, eftirlitskerfi, stýribúnaði og öðrum búnaði, svo og aðgerðir til orkusparnaðar. Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár. Fáí lántaki erlent lán vegna kaupanna skal lán sjóðsins vera viðbótarlán allt að 75% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr., enda sé ekki um eignarfyrirvara á vélum eða tækjum að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar skal lán úr fasteignalánaflökkum er taldir voru í 2. gr. B aldrei nema hærri fjárhæð en 60% af heildarmatsverði eignanna miðað við 1. veðrétt og minnka sem nemur áður áhvilandi lánnum ef 1. veðréttur fæst ekki.

Vextir af lánnum úr öllum fasteignalánaflökkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 9. nóvember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.